

Nd. 232. Frumvarp til laga [201. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Albert Guðmundsson,
Ingi Björn Albertsson, Hreggviður Jónsson.

1. gr.

Við 5. mgr. 51. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir svohljóðandi: Þó skal greiða örorkulífeyrisþegum 50% örorkulífeyris og tekjutryggingar. Fjárhæð þessi skerðist eftir sömu reglum og tekjutrygging, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Örorkulífeyrisþegar, sem dveljast á stofnunum á vegum sjúkratrygginga, fá greidda vasapeninga, nú að upphæð 4212 kr. á mánuði. Þessi fjárhæð á að endast fyrir öllum persónulegum þörfum, svo sem fatnaði, snyrtivörum, skemmtunum og ferðalögum. Ólíkt því sem er með flesta ellilífeyrisþega á þessi hópur í fæstum tilfellum aðgang að lífeyri úr lífeyrissjóði og á engar eignir.

Það er yfirleitt viðurkennt að yngra fólk hefur meiri og víðtækari persónulegar þarfir en eldra fólk. Fatlað fólk, sem dvelst á stofnunum þar sem sjúkratryggingar greiða dvölinna, hefur sömu þarfir og aðrir þjóðfélagsþegnar á sama aldri til þess að lifa lífinu lífandi.

Í Danmörku t.d. er þessi sérstaða viðurkennd. Þar fá fatlaðir örorkulífeyrisþegar, sem dveljast á stofnunum fatlaðra, vasapeninga sem eru nærri helmingi hærri en vasapeningar almennt.

Sú fjárhæð, sem nú er greidd, nægir ekki fyrir brýnustu þörfum þessa hóps og eru þess mörg dæmi að leita verður til viðkomandi sveitarfélags um viðbót.

Samtök fatlaðra hafa um árabil bent á nauðsyn þess að hagur þessa hóps sé bættur. Þar sem hér er ekki um þá fjárhæð að ræða eða þann fjölda einstaklinga að miklu máli skipti í heildarútgjöldum ríkisins væri það Alþingi til sóma að rétta nú hlut þessa fólks myndarlega.